

30. Fundur Umhverfisnefndar Kjósarhrepps 23 júní kl 17.00

Mættir voru aðalmenn: Katrín Cýrusdóttir og Lárus Vilhjálmsson og Karl Magnús Kristjánsson, oddviti, úr varastjórn

1. Farið var yfir stöðu sorpmála á sumarhúsasvæðum. Fljótlega verður farið í að ganga frá grenndarstöðvum við sumarhúsasvæði. Þar verða söfnunargámar fyrir plast, pappír, lífúrgang og almennt sorp. Oddviti lagði fram drög af skilti sem verður á stöðvunum. Það þarf að leggja áherslu á að upplýsingaskilti á grenndarstöðvunum sýni sérstaklega t.a.m hvaða plastefni fara í söfnunargám. Þau þurfa einnig að vera á nokkrum tungumálum, eins og t.a.m. ensku og pólsku. Eins þurfa upplýsingar á vefsíðu hreppsins að vera ítarlegar. Unnið verður að þessu í samstarfi við Terru.
2. Lárus fór yfir vinnu samstarfshóps sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um samræmingu úrgangsflokkunar og sagði frá því að unnið sé að því að ráða verkefnastjóra sem myndi leiða innleiðingu samræmingar með samstarfshópnum.
3. Rætt var um flokkun lífúrgangs í hreppnum og voru nefndarmenn sammála um að hvetja íbúa og sumarhúsafólk að til að nýta hann til moltugerðar með því að bjóða upp á ílát til moltugerðar á vægu verði og standa að námskeiði í moltugerð.

**Afgreiðsla**

4. Umhverfisnefnd leggur til við hreppsnefnd að leitað verði tilboða í ílát til moltugerðar sem hægt er bjóða íbúum og sumarhúsaeigendum upp á hagstæðu verði og efna til námskeiðs í moltugerð í ágúst.

Fundi lauk kl 19.00

Fundargerð ritaði: Lárus Vilhjálmsson